



TOV3B05 – Teikningar og verklýsingar

Námsáætlun, haustönn 2024

Kennari/kennarar:

Magnús Þór Guðmundsson

Netfang/netföng:

magnus.gudmundsson@borgo.is

Lýsing:

Í áfanganum er haldið áfram með verkefni sem hafið var í áfanganum EVI2A05 (Endurlagnir og viðgerðir). Nemendur öðlast þekkingu og færni í að lesa og teikna uppdrætti af sérhæfðum lagnakerfum eins og snjóbræðslu. Jafnframt er farið yfir teiknitákn og teiknireglur fyrir stýringar og tæknibúnað lagnakerfa og komið inn á reyndaruppdrætti vegna endurlagna og viðgerða. Lögð er áhersla á gerð notkunarleiðbeininga fyrir lagnakerfi og komið inn á gæðamál, staðla og verklýsingar. Nemendur læra um notkun tölvutækni við gerð og miðlun lagnauppdráttar og annarra hönnunargagna. Kennslan byggist aðallega á verkefnavinnu nemenda og lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sérhæfðum lagnakerfum og tæknibúnaði lagnakerfa.
- ákvæðum byggingareglugerðar sem eiga við um sérhæfð lagnakerfi.
- tæknilegum útfærslum einstakra sérhæfðra lagnakerfa.
- uppdráttum og teiknitáknum fyrir sérhæfð lagnakerfi og tæknibúnað.
- fagheitum og efnisnotkun í lagnateikningum fyrir sérhæfð lagnakerfi.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita reglum um endurlagnir og viðgerðir á lagnakerfum.
- nota Rb-blöð í upplýsingaleit og við gerð teikninga.
- lesa og vinna með teikningar af sérhæfðum lagnakerfum, stýringum og tæknibúnaði.
- lesa og skilja merkingar á teikningum og meðfylgjandi verklýsingar.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nota algengustu teikniforrit á tölvu og beita þeim við gerð og miðlun lagnauppdráttar og annarra hönnunargagna.
- gera notendaleiðbeiningar fyrir lagnakerfi út frá uppdrætti og verklýsingu.
- gera efnisáætlun fyrir sérhæfð lagnakerfi og tækjaklefa.

Námsmat:

{Sundurliðað, tímasetningar í töflu á baksíðu}

Áætlun og tækjalisti – 10%

Fráveitulagnir – 20%

Neysluvatn – 20%

Hitakerfi – 20%

Kerfismynd – 20%

Notendaleiðbeiningar – 10%

Námsgögn:

Skjöl sem kennari afhendir

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

| Vika | Dagur | Dags. | Námsþættir | Námsmats- þættir |
|----------|-------|-------|-------------------------------|---------------------|
| 1 | 1 | 11.09 | | |
| | 2 | 12.09 | Uppfærð áætlun með tækjalista | 10% |
| | 3 | 13.09 | | |
| | 4 | 16.09 | | |
| | 5 | 17.09 | Fráveitulagnir | 20% |
| 2 | 6 | 18.09 | | |
| | 7 | 19.09 | | |
| | 8 | 20.09 | Neysluvatnslagnir | 20% |
| | 9 | 23.09 | | |
| | 10 | 24.09 | | |
| 3 | 11 | 25.09 | Hitakerfi | 20% |
| | 12 | 26.09 | | |
| | 13 | 27.09 | Kerfismynd | 20% |
| | 14 | 30.09 | | |
| | 15 | 01.10 | Notendaleiðbeiningar | 10% |

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.